



Tillaga

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni tillögu: Breytingar á reglum um forvarnasjóð Reykjavíkurborgar

Lagt er til að velferðarráð samþykki breytingar á eftirfarandi ákvæðum í reglum um forvarnasjóð Reykjavíkurborgar sem samþykktar voru á fundi borgarráðs 28. apríl 2011, með síðari breytingum: 1. - 4. gr., 7. – 8. gr. og 10. gr. Enginn kostnaður er samfara tillögunni.

Greinargerð:

Í tillögu þessari er lagt til að einfaldar breytingar verði samþykktar svo að hægt verði að úthluta úr forvarnasjóði Reykjavíkurborgar á yfirstandandi ári.

Í gildandi reglum er gert ráð fyrir að hverfisráð úthluti úr þeim hluta sjóðsins er varðar hverfislægar umsóknir. Hverfisráð hafa verið lögð niður en í stað þeirra voru íbúaráð sett á fót. Af þessum sökum er nauðsynlegt að breyta reglunum þannig að í stað hverfisráða samþykki íbúaráð styrki er varða hverfislæg verkefni. Orðalagi í reglunum verði breytt á þá leið að þar sem vísað er til hverfisráða í 2. - 4. gr., 7. gr. og 10. gr. verði vísað til íbúaráða. Áfram verða almennir styrkir til forvarna veittir þvert á hverfi og velferðarráð tekur ákvörðun um úthlutun á grundvelli mats, tillagna og umsagna samráðshóps um forvarnir. Þá er lögð til orðalagsbreyting í 1. gr. reglnanna þar sem vísað er til forvarnastefnu, en þar sem hún hefur runnið sitt skeið þykir ekki rétt að vísa til efnis hennar.

Samhliða er lagt til að breyting verði gerð á 8. gr. úthlutunarreglna sem heimili starfsmönnum borgarinnar að sækja um styrki í sjóðinn í samstarfi við aðila utan borgarinnar. Í gildandi reglum geta stofnanir Reykjavíkurborgar eða starfsmenn þeirra ekki sótt um í sjóðinn en þeir geta þó verið samstarfsaðilar í umsóknum annarra. Snar þáttur í öllu forvarnastarfi er samráð og samstarf milli grasrótarinnar og opinberra aðila. Vitneskja um þörf fyrir verkefni og úrræði liggur á báðum stöðum s.s. gegnum opinber gögn, rannsóknir o.fl. Með tillögu að framlögðum breytingum á 8. gr. reglnanna geta starfsmenn borgarinnar haft frumkvæði að verkefnum í samstarfi við aðila utan borgarinnar sem stuðla að eflingu forvarna og / eða koma til móts við þörf sem skapast og ekki hefur verið hægt að áætla fyrir.

Nú á tímum Covid-19 er mikil þörf á aukinni áherslu á forvarnir, sérstaklega er lýtur að heilsu barna og ungmenna en nýjustu rannsóknir sýna merki um aukinn kvíða og einmanaleika meðal þess hóps. Mikilvægt er að það fjármagn sem sett hefur verið til hliðar til að sinna forvörnum nýtist á þann hátt sem áætlað var. Því er nauðsynlegt að gera einfaldar og fljótlegar breytingar á reglum forvarnasjóðsins til að tryggja að verkefni sem geta spornað við slæmum afleiðingum Covid-19 fái fjármögnun. Áfram verði unnið í skrefum að því að einfalda styrkjakerfi Reykjavíkurborgar og sameining forvarnasjóðsins við styrkjarott velferðarráðs, sem er flóknari framkvæmd, verði áfram á áætlun.

Fylgiskjöl:

- Reglur um forvarnasjóð Reykjavíkurborgar með ofangreindum breytingartillögum á rekjanlegu formi.
- Minnisblað sviðsstjóra um forvarnasjóð Reykjavíkurborgar dags. 20. apríl 2021.